

*Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 20/1995
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 25/1995)*

Addbjörg Sigurðardóttir gegn Samkeppnisráði

I.

Með símskeyti, dags. 14. september 1995, hefur Helgi Birgisson, hdl. fyrir hönd Addbjargar Sigurðardóttur kært [ákvörðun samkeppnisráðs frá 10. ágúst 1995, nr. 25/1995](#). Með ákvörðuninni er vísað frá Samkeppnisráði þeirri beiðni Addbjargar að rannsakaðir verði viðskiptahættir Kreditkorts hf.

Áfrýjandi gerir þá kröfu að áfrýjunarnefnd samkeppnismála felli úr gildi ákvörðun samkeppnisráðs frá 10. ágúst 1995, nr. 25/1995, að vísa frá þeirri beiðni áfrýjanda að Samkeppnisstofnun rannsaki viðskipti Kreditkorts hf. og Gríms Grímssonar og notkun Kreditkorts hf. á víxileyðublaði sem áfrýjandi áritaði. Ennfremur krefst áfrýjandi þess að áfrýjunarnefndin leggi fyrir samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun að gefa álit sitt á því hvort viðskiptahættir Kreditkorts hf. samrýmist reglum, venjum og eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum slíkra fyrirtækja. Þá er þess krafist að nefndin úrskurði áfrýjanda hæfilegan málskostnað, telji hún sig bæra til þess.

Samkeppnisráð krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Til vara er þess krafist að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/1995 verði staðfest með vísan til forsendna hennar og gagna málsins.

Kreditkort hf. gerir sömu kröfur og samkeppnisráð en gerir að auki kröfu um málskostnað.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 24. mars 1995, óskaði lögmaður áfrýjanda eftir því að stofnunin kannaði viðskipti Kreditkorts hf. og Gríms Grímssonar, sem og notkun fyrirtækisins á víxileyðublaði sem

áfrýjandi ritaði. Lögmaðurinn byggir beiðni þessa á ákvæðum 8. kafla samkeppnislaga um eftirlit með greiðslukortastarfsemi.

Þann 7. mars 1995 var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur mál sem áfrýjandi höfðaði gegn Kreditkorti hf. til greiðslu skaðabóta vegna sömu lögskipta og hér um ræðir.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 10. ágúst 1995, var erindi áfrýjanda tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 25/1995. Ákvörðunarorð hljóða svo:

„Telja verður mál þetta varða réttarágreining sem heyrir undir dómstóla og eðlilegt er að þeir leysi úr. Ekki hefur enn verið lagður efnislegur dómur á þennan réttarágreining fyrir dómstólum. Málinu er vísað frá Samkeppnisráði.“

Þann 26. september var kveðinn upp dómur í fyrrgreindu máli. Þar er Kreditkort hf. sýknað af kröfum áfrýjanda og áfrýjanda gert að greiða Kreditkorti hf. málskostnað.

Forsaga máls þessa er sú að tengdasonur áfrýjanda, Grímur Grímsson, fékk útgefið almennt greiðslukort hjá Kreditkorti hf. árið 1983 og gullkort árið 1988. Árið 1989 var samkvæmt umsókn gefið út aukakort á gullkortið. Árið 1991 var Grími gert að leggja fram nýjan tryggingavíxil með tveimur ábyrgðarmönnum. Þá gerðist áfrýjandi útgefandi að slíkum víxli fyrir Grím. Grímur var samþykkjandi á víxileyðublaðinu og áfrýjandi bekingur. Upphæð víxilsins var óútfyllt og með víxileyðublaðinu fylgdi yfirlýsing undirrituð af áfrýjanda þar sem Kreditkorti hf. er heimilað að breyta vanskilaskuld í víxilskuld og nota víxileyðublaðið til þess.

Haustið 1993 var tengdasonur áfrýjanda kominn í mikla skuld við Kreditkort hf. og fyllti fyrirtækið þá út víxilinn að fjárhæð kr. 2.912.618,70 með útgáfudag 2. september 1993. Skuldin var til komin vegna úttekta á almennt greiðslukort og gullkort, aðal- og aukakort, á tímabilinu 18. maí til 17. ágúst 1993. Að undangengnum innheimtuaðgerðum greiddi áfrýjandi víxilkröfuna þann 21. október 1994, en þá var upphæðin kr. 3.316.960 með áföllnum vöxtum og kostnaði.

Fyrir Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði kom fram að lögmaður áfrýjanda telur að áfrýjandi hafi aðeins borið ábyrgð á umsamdri úttektarheimild Gríms og ekki á úttektum korthafa en þessar úttektarheimildir hafi ekki verið skýrar. Hann bendir m.a. á að hvorki reikningar né skilmálar umsókna beri með sér að aukakortum fylgi sjálfstæð úttektarheimild. Áfrýjandi telur að Kreditkort hf. hafi farið langt út fyrir heimildir sínar þegar víxillinn var útfylltur.

Í svari Kreditkorts hf. við fyrirspurn Samkeppnisstofnunar kom fram að krafa um framlagningu víxla, sem tryggingar, sé í samræmi við almenna viðskiptaskilmála fyrirtækisins. Slíkir viðskiptaskilmálar séu ekki óeðlilegir, enda sé ábyrgðamönnum tryggingavíxla fullljóst um hvers konar skuldbindingu sé að ræða. Þá segir lögmaðurinn að á árinu 1992 hafi vanskil verið á umræddum greiðslukortum og hafi Kreditkort hf. þá lokað fyrir viðskiptin og ábyrgðarmönnum tilkynnt um það. Þegar vanskilin voru gerð upp og viðskiptin heimiluð á ný hafi verið fengin yfirlýsing frá áfrýjanda um [að] hún myndi ábyrgjast viðskipti korthafa þrátt fyrir vanskil hans.

III.

Lögmaður áfrýjanda byggir kröfu sínar á því að um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða og að samkeppnisyfirvöldum sé skylt að taka beiðni hans um rannsókn til meðferðar. Þá telur hann að málshöfðun áfrýjanda fyrir dómstólum á hendur Kreditkortum hf. breyti engu þar um.

Frávísunarkrafan er þeim rökum studd að áfrýjanda skorti lögmeta hagsmuni til að fara með mál þetta fyrir samkeppnisyfirvöldum, þar eð hann hafi höfðað mál út af sama sakarefni fyrir dómstólum.

Varakrafan er á því byggð að ekki hafi verið skilyrði til að taka mál þetta til efnismeðferðar fyrir samkeppnisyfirvöldum.

IV.

Upplýst er í máli þessu að Kreditkort hf. gaf bæði út almennt kort og gullkort til Gríms Grímssonar í samræmi við umsókn hans, 11. júlí 1983 og 23. ágúst 1988. Auk þess gaf Kreditkort hf. út svonefnt aukakort til Sigrúnar

Guðjónsdóttur samkvæmt umsókn Gríms dags. 10. nóvember 1989. Á árinu 1992 urðu vanskil á greiðslukortum Gríms og var þá lokað fyrir frekari viðskipti. Vanskilin voru gerð upp í júní 1992 og var þá aftur opnað fyrir viðskipti Gríms vegna allra kortanna.

Áfrýjandi gerðist útgefandi að svonefndum tryggingarvixli vegna úttekta Gríms. Vixileyðublaðið var afhent óútfyllt varðandi útgáfudag, greiðsludag og fjárhæð. Með vixileyðublaðinu fylgdi yfirlýsing, dags. 28. október 1991, sem m.a. var undirrituð af áfrýjanda. Samkvæmt yfirlýsingunni var Kreditkorti hf. heimilað að breyta vanskilaskuld vegna úttekta samkvæmt greiðslukorti í vixilskuld og nota til þess vixileyðublað sem yrði af því tilefni dagsett og stimplað og gert að fullgildum vixli.

Með sérstakri yfirlýsingu, dags. 7. maí 1992, ábyrgðist áfrýjandi (ásamt öðrum ábyrgðarmanni) áfram úttektir Gríms Grímssonar hjá Kreditkorti hf., þrátt fyrir að hafa mótttekið bréf, dags. 30. apríl 1992, frá fyrirtækinu um vanskil hans. Bréf þetta hefur ekki verið lagt fram í málinu en hins vegar sambærilegt óútfyllt bréf í stöðluðu formi. Þar er athygli ábyrgðarmanna vakin á því að reikningi korthafa hafi verið lokað vegna tiltekinna skulda og honum jafnframt gefin 10 daga lokafrestur til að ganga frá skuld sinni en að þeim fresti liðnum verði skuldin send lögfræðingi til innheimtu.

Í fyrrgreindum umsóknum Gríms kemur fram fjárhæð úttektarheimilda hans á mánuði á þeim tíma sem hann sótti um kortin. Samkvæmt þessu nam mánaðarleg úttektarheimild Gríms vegna almenns kreditkorts kr. 10.000, vegna gullkortsins kr. 50.000 vegna úttekta innanlands en USD 2.000 vegna úttekta erlendis. Í umsókninni um aukakort er ekki getið um úttektarheimild. Úttektarheimildirnar hafa breyst í tímans rás og hækkað en ekki hefur komið fram í málinu hversu háum fjárhæðum þær breytingar námu né hvernig þær fóru fram.

Áfrýjandi greiddi vixilkröfuna ásamt vöxtum og kostnaði, með kr. 3.316.960 að undangengnu fjárnámi er gert hafði verið í eignarhluta hennar að Hjallaseli 39, Reykjavík. Áfrýjandi höfðaði endurkröfumál vegna þessarar greiðslu á hendur Kreditkorti hf. fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Með dómi Héraðsdóms þann 27. september síðastliðinn var Kreditkort hf. sýknað af þessum kröfum. Dóminum hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu gefinni út 19. október sl.

Fram er komið að eftir gildistöku samkeppnislaga varð sú breyting á varðandi ábyrgðir í starfsemi Kreditkorts hf. að víxileyðublöð sem notuð eru til tryggingar á úttektum greiðslukorta eru nú útfyllt strax að því er fjárhæð varðar.

V.

Lögmaður áfrýjanda óskað þess með bréfi, dags. 24. mars 1995, að Samkeppnisstofnun kannaði viðskipti Kreditkorts hf. og Gríms Grímssonar vegna notkunar fyrirtækisins á víxileyðublaði því sem áfrýjandi ritaði. Áfrýjandi höfðaði jafnframt, sem fyrr segir, mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn Kreditkorti hf. þar sem m.a. er krafist endurgreiðslu greiddra fjárhæða vegna ábyrgðar og er sú málsókn að verulegu leyti reist á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Dómi í því máli hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lítur svo á að fyrrgreind málsókn standi ekki ein og sér í vegi fyrir því að samkeppnisyfirvöld geti eða skuli taka málið til sérstakrar rannsóknar á grundvelli þeirra viðskiptahátta sem að baki lágu enda eru þau markmið sem liggja að baki slíkri rannsókn önnur heldur en þau sem stefnt er að með höfðun fyrrgreinds dómsmáls. Því lítur áfrýjunarnefndin svo á að áfrýjandi eigi aðild að þessu máli og að því verði ekki vísað frá nefndinni að þeim sökum.

VI.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að viðskiptahættir eins og þeir er í máli þessu greinir geti gefið tilefni til sérstakrar rannsóknar og eftir atvikum aðgerða af hálfu samkeppnisyfirvalda samkvæmt VIII. kafla samkeppnislaga. Í því sambandi gæfist tilefni til að kanna tildrög ábyrgðaryfirlýsinga, og alveg sérstaklega hvaða gögn og ráðgefandi upplýsingar hafi legið fyrir við undirritun þeirra sem geri ábyrgðarmanni mögulegt að sjá fyrir með vissu þá hámarksfjárhæð sem ábyrgð er miðuð við. Í þessu sambandi gætu fjárhagsástæður viðkomandi ábyrgðarmanns, t.d. tekjur, skipt máli.

Á hinn bóginn ber á það að líta í máli þessu að lögskipti þess áttu sér stað í gildistíð fyrri laga, þ.e. verðlagslaga nr. 56/1978, en þá voru lagaúrræði ófullkomnari en nú eru. Þá er og upplýst að Kreditkort hf. hafi breytt fyrirkomulagi þannig að víxileyðublöðin sem notuð eru sem ábyrgðarform munu nú bera með sér ákveðna fjárhæð.

Það athugast ennfremur að búast má við því að Hæstiréttur kveði endanlega á um réttarstöðu áfrýjanda gagnvart Kreditkorti hf. með dómi í máli því sem áfrýjandi hefur nú höfðað fyrir Hæstarétti.

Af þessum ástæðum þykir mega staðfesta ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 25/1995 um að taka mál þetta ekki til meðferðar.

Ekki verður úrskurðað um málskostnað í máli þessu þar sem lagaheimild skortir til þess.

VII.

Úrskurðarorð:

„Ákvörðun samkeppnisráðs frá 10. ágúst 1995, nr. 25/1995, þess efnis að taka mál þetta ekki til meðferðar er staðfest.“